

# Er öryggi barnanna tryggt á þínu heimili?

Með því að fara í gegnum þennan gátlista getur þú gengið úr skugga um að öryggi barna sé tryggt á heimilinu.

## Stigar

Já Nei

Er öryggishlið efst og neðst við stigaop í íbúðinni ?		
Eru handrið með minna en 9 cm á milli rima?		
Er bil á milli handriðs og gólfs minna en 9 cm?		
Ef op eru á milli þrepa, eru þau minni en 9 cm?		
Er handriðið smíðað þannig að barn geti ekki klifrað í því?		
Eru stigabrepin stöm?		
Er lýsing í stiganum góð?		

## Eldhús

Já Nei

Eru oddhvasir hlutir eins og hnifar geymdir í hirslu með öryggislæsingu?		
Er uppþvottavélarduft og önnur hreinsiefni geymd í læstri hirslu?		
Eru lyf og vítamín í læstri hirslu?		
Eru plastpokar og plastfilmur þar sem börn ná ekki til?		
Er eldavélin fest við vegg?		
Er hurðin á bakaraofninum með kælingu þannig að hún hitni ekki að utan?		
Eru takkarnir á eldavélinni varðir þannig að barn komist ekki í þá?		
Er hurð bakaraofsins með öryggislæsingu?		
Er hlíf fyrir eldavélaborði/hellu?		
Eru snúrur á rafmagnstækjum varðar þannig að barnið geti ekki togað yfir sig tækin?		
Er matarstóll barnsins festur við borðið?		
Er beisli í matarstól barnsins?		
Er eldvarnarteppi í eldhúsinu?		

## Baðherbergi

Já Nei

Eru rakvélar, skæri og önnur hættuleg áhöld í hirslu með öryggislæsingu?		
Eru snyrtivörur og hreinsiefni í hirslu með öryggislæsingu?		
Er hálkuvörn í baðkeri eða sturtubotni?		
Eru hitastýrð blöndunartæki á sturtu og baðkeri?		
Eru rafmagnsrakvél, hárpurrka og önnur rafmagnstæki þar sem börn ná ekki til?		
Er skiptiborð stöðugt, með öryggisól og 10 cm háum hliðum?		
Er baðherbergisgólfið stamt / ekki hált?		
Er stöðugur skemill fyrir barnið við vaskinn?		

## Barnaherbergi

Já Nei

Eru hillur, skápar og kommóður festar við vegg?		
Er lampinn við rúm barnsins festur við vegg?		
Er motta á gólfi með skriðvörn?		
Er bil á milli rima 6 cm eða minna í barnarúminu?		
Ef barnið sefur í kju er hún með fallvörn?		
Hæfa leikföngin aldri barnsins?		

**Gluggar**

Já Nei

Eru opnanleg fög á gluggum minni en 9 cm?		
Eru stormjárn klemmufrí?		
Er snúrustyttir fyrir snúrur á rimlagardínunum?		
Er öryggisgler í hurðum og borðplötum?		

**Hurðir**

Já Nei

Er klemmuvörn á útidyrhurð?		
Er klemmuvörn á svalahurð?		
Er pumpa á svalahurð?		
Er öryggislæsing á svalahurð?		
Er fingravinur á innihurðum?		

**Rafmagn og rafmagnstæki**

Já Nei

Er lekastraumsrofi í rafmagnstöflu?		
Virkar lekastraumsrofinn?		
Eru innstungur með barnaöryggi?		
Eru fjöltengi með barnaöryggi?		
Er sjónvarpið fest á flötinn sem það stendur á?		

**Eldvarnir**

Já Nei

Eru eldspýtur og kveikjarar í hirslu með öryggislæsingunni?		
Er til flóttaáætlun á heimilinu ef eldsvoði kemur upp?		
Eru reykskynjarar á heimilinu og eru þeir virkir?		
Er til slökkvitæki á heimilinu?		
Kunna íbúarnir á slökkvitækið?		
Er gasskynjari á heimilinu ef gaseldavél en notuð?		
Er neyðarnúmerið <b>112</b> við símann?		
Kunna allir á heimilinu að hringja í Neyðarlínuna?		

**Önnur öryggisatriði**

Já Nei

Eru miðstöðvarofnar sem geta hitnað mikið varðir fyrir smábörnum?		
Eru öryggishlífar á skörpum borðhornum?		
Eru hillusamstæður og skápar föst við vegg?		
Eru skotvopn í læstum byssuskápum?		
Eru eittraðar plöntur á heimilinu?		
Er beisli í barnavagninum?		

Frekari upplýsingar um slysavarnir barna er að finna á heimasíðu Slysavarnafélagsins Landsbjargar. [www.landsbjorg.is](http://www.landsbjorg.is), undir slysavörnum.

Einnig er hægt að hafa samband í síma 570-5900 eða senda fyrirspurn á [skrifstofa@landsbjorg.is](mailto:skrifstofa@landsbjorg.is)